

Nd.

## 477. Frumvarp til laga

[258. mál]

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja eyðijörðina Írafell í Lýtingsstaðahreppi, Skagafirði.

Flm.: Stefán Guðmundsson, Páll Pétursson, Pálmi Jónsson.

### 1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að selja Lýtingsstaðahreppi, Skagafirði, eyðijörðina Írafell fyrir það verð sem um semst. Náist ekki samkomulag um söluverð jarðarinnar skal hún metin af dómkvöddum mönnum.

### 2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

### Greinargerð.

Frumvarp þetta er flutt að beiðni hreppsnefndar Lýtingsstaðahrepps í Skagafirði. Landnám ríkisins keypti jörðina Írafell 21. febrúar 1956 og var kaupsamningi þinglýst 28. nóvember 1957.

Seljendur jarðarinnar voru synir Kristbjargar Jónsdóttur sem var síðasti ábúandi jarðarinnar. Jörðin var í ábúð hennar til ársins 1955 en fór þá í eyði. Árið 1957 fékk Pétur Bjarnason, Ánastöðum í sömu sveit, jörðina til leigu og nytjaði hana til ársins 1982 en hafði þar aldrei búsetu. Árið 1983 keypti Lýtingsstaðahreppur þau hús er á jörðinni voru, það er skemma, sem notuð var sem fjárhús, og hlaða.

Í Jarða- og búendatali Skagafjarðarsýslu 1781—1952, útgefnu 1952, segir m. a.:

Írafell (Ýrarfell) í Svartárdal var landnámsjörð Hrosskels þess er Landnáma segir að hafi numið Svartárdal allan og Írafellslönd. Írafell var talið 20 hundr. að dýrleika að fornu mati. Árið 1861 var Írafell metið eitt sér 19,9 hundr. að dýrleika, árið 1922 á 45 hundruð kr. og 1942 á 39 hundr. kr. Írafell var bændaeign og sjálfseignarbændur bjuggu þar öðru hvoru.

Frá því um 1780 til ársins 1955 hefur 21 ábúandi verið á Írafelli og búið þar mjög mislengi.

Lýtingsstaðahreppur er víðlendasti hreppur Skagafjarðarsýslu og hefir að líkindum verið það frá öndverðu. Þegar frá eru talin Mikleyjar-, Stokkhólma- og Skatastaðalönd tekur hreppurinn yfir allt land frá Héraðsvötnum og Jökulsá eystri til austurmarka Húnavatnssýslu að vestan og frá suðurmörkum Seyluhrepps skammt innan við Stóra-Vatnsskarð og fram að Hofsjökli. Þarna eru víðáttumestu afréttarlönd sýslunnar og víðlend heimalönd frá einstökum jörðum.

Á fyrri öldum var Lýtingsstaðahreppur frábrugðinn öðrum hreppum sýslunnar að því að fjórar af hverjum fimm jörðum í hreppnum töldust bændaeign á sama tíma og meiri hluti jarða eða jafnvel allar jarðir í öðrum hreppum sýslunnar voru eign biskupsstólsins á Hólum, Reynistaðaklausturs og kirkna í héraðinu.

Til frekari fróðleiks fer hér á eftir tala byggðra jarða og búenda í hreppnum á ýmsum tímum á tímabilinu 1700—1980:

Árið 1703 voru 54 jarðir byggðar og 59 búendur í hreppnum.

— 1786	— 46	—	—	— 52	—	—	—
— 1844	— 62	—	—	— 73	—	—	—
— 1950	— 62	—	—	— 68	—	—	—
— 1960	— 67	—	—	— 73	—	—	—
— 1970	— 63	—	—	— 65	—	—	—
— 1980	— 61	—	—	— 71	—	—	—

Á jarðhitasvæðinu við Svartá í Skíðastaðalandi og Steinsstaðalandi hefur byggðin þést og er þar nú að myndast vísir að sveitaborpi báðum megin árinna. Austan Svartár í Steinsstaðalandi eru nú risinn heimavistarskóli, sundlaug og félagsheimili. Þar er einnig vísir að iðnaði svo og skrifstofa Lýtingsstaðahrepps.

**Fylgiskjal.**

**Kort af framhluta Skagafjarðar.**

